

1859.

9. maí.

ánafnað sendiboða Danakonungs í Lundúnum 1000 pund sterling í skuldabréfum þeim er kallast „the new South Sea Annuities” (suðurhafskuldabréf hin nýju) með þeim skilmála, að sendiboðinn aptur greiði fé þetta skólanum (the College) í Reykjavík á Íslandi, svo að því verði varið til bókhlöðubyggingar.

Með því ágreiningur varð um réttan skilning á erfðaskránni tók dómstóll sá, er heitir „the Court of Chancery”, dánarbú Kelsalls til umsjónar, og hefur dómstóll þessi skorðið svo úr, að erfðaskráin væri gild; síðan hefur fé það, sem áður er um getið, verið greitt sendiboða Danakonungs í Lundúnum í enskum ríkisskuldabréfum, sem svarað er af í vöxtu $2\frac{1}{2}$ af hundraði; því búið var að breyta suðurhafsskuldabréfum þeim, sem áður er um getið, í slík ríkisskuldabréf; hefur *Hambro*, barún, að tilhlutun sendiherrans látið selja skuldabréf þessi, og hefur fengizt fyrir þau £ 838—1—4, að frádregnum öllum kostnaði; og ber þess að geta, að *Hambro*, barún, vegna augnamiðsins með gjöfina, hefur afsalað sér þeirri borgun, er honum bar fyrir það, er hann annaðist um sölu skuldabréfanna.

Þetta gefst yður til vitundar, herra stiptamtmaður og yður, háæruverðugi herra, og skal þess því næst getið, að hlutazt hefur verið til um það, að féð yrði sent hingað frá Englandi. Jafnframt þessu eru það tilmæli stjórnarinnar, að þér gjörði uppástungu um það, hvernig fé þessu verði bezt varið samkvæmt tilgangi gjafarans.

16. maí. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um Biffluna.**

Þér hafð, herra stiptamtmaður, í bréfi yðar 12. febrúar þ. á. skýrt frá, að forstjórar „hins íslenska bifflufélags” hafi sótt um, að félag þetta, sem nú hefur látið prenta nýja, fullkomna útgáfu af bifflunni, mætti senda þau exemplör, sem það kringumstæða vegna þyrfti að láta binda í Kaupmannahöfn, þangað með póstkípi, án þess að borga undir þau, og að félagið þannig mætti senda 100 exemplör, sem hingað

1859.
16. apríl.

eiga að fara, með næsta póstskipi, ókeypis fram og aptur, þó ekki nema nokkur exemplör verði send aptur að sinni. Þér hafið enn fremur sjálfur tekið það fram, að fjárfstofn félagsins hafi mest allur gengið í prentunina, og að það sé áriðandi fyrir félagið, að geta sent bifliuna út um landið sem allra fyrst.

Þér hafið af þessum ástæðum, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið félaginu heityrði fyrir, að það ókeypis skyldi mega senda þessi 100 exemplör, svo framarlega sem stjórnin hefði áskilið sér nokkurt lestarúm í skipinu auk þess sem póstsendingarnar tækju upp, og jafnframt mælt fram með því, að félaginu leyfðist að senda það af upplaginu, sem smátt og smátt kynni að verða sent hingað til bindingar, ókeypis fram og aptur með póstskipi.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum látum vér yður því hér með vita, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að biflián verði send hingað ókeypis, að svo miklu leyti, sem lestarúm það, sem stjórninni er áskilið, hrökkur til. Stjórnin er og viljug til, ef hlutaðeigendur fara þess á leit, að taka þær bifliur, sem senda á heim til Íslands eptir að búíð er að binda þær, í lestarúm það, sem henni er áskilið.

13. Konungleg umboðsskrá handa yfir-dýralækni prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðs-syni, til að skipa fyrir í fjárkláðamálinu.

27. maí.

Friðrik hinn sjöundi af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holsetalandi, Stór-mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg. sendum yður kveðju Vora.

Þér skuluð vita, Vor elskulegi yfir-dýralæknir *Hans Christian Tscherning*, háskólakennari, og herra Jón Sigurðsson, ridd. af dbr., að með því löggæzluráðgjafi Vor hefur allraþegnsamlegast skýrt Oss frá, að á Voru landi Íslandi sé í hinum ýmsu umdæmum höfð með öllu sundurleit aðferð í meðferð á fjársýki þeirri, sem þar fer nú yfir, þar sem það þó verður að telja